

Því úrskurðast:

63

Umrædd Kristjana Sigurðardóttir skal teljast sveitlæg í Breiðuvíkurbreppi, 29. mars og ber hreppssjóði þess hrepps að greiða hreppssjóði Neshrepps utan Ennis $\frac{2}{3}$ hins veitta sveitarstyrks, kr. 8,91, eða kr. 5,94.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra oddviti, að því viðbættu, að eg vænti þess að þjer greiðið hingað sem fyrst umræddar kr. 5,94, svo framarlega sem þjer eigi áfrýið úrskurði þessum.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um flutning þingstaðar 64
10. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 3. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Felli að Skálá, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna um friðun á mælingamerkjum landmælingadeildar herstjórnarráðsins. 65
12. apríl

Landmælingadeild herstjórnarráðsins í Kaupmannahöfn hefir skýrt stjórnarráðinu frá því, að það hafi þráfaldlega komið fyrir síðan mælingadeildin hóf mælingar nú hjer á landi, að vörðum þeim og merkjum, sem mælingamennirnir hafa sett upp og notað við landmælingarnar, hafi verið raskað, þau verið skemd og feld, og grjót, stengur, flögg, kopargaddar og koparhúnar teknir úr þeim.

Þetta hefir valdið landmælingamönnum mikilla erfiðleika og tafa, og oft mikils kostnaðar, er ákveða hefir orðið þúktana aftur, sem merkin áttu að sýna, og gjöra um aftur mælingar til þess.

Þessar mælingarvörður og merki landmælingamanna herstjórnarráðsins hafa einnig mikið gildi fyrir landið eftir að þeir hafa nú lokið mælingum sínum í hinum ýmsu hjeruðum, því merki þessi og vörður má nota við síðari mælingar bæði á landi og sjó, og er því einnig áriðandi fyrir eftirtímann, að þeim verði ekki raskað eða þau skemd, að því ógleymdu, hve ósæmilegt slíkt athæfi er að öllu leyti.

Jafnframt því að skýra yður, herra sýslumaður, frá þessu, skuluð þjer hjermeð beðinn að brýna fyrir almenningi á næstu manntalsþingum í umdæmi yðar, að menn raski ekki eða skemmi á neinn hátt umrædd mælingamerki og

65 12. apríl vörður landmælingamanna herstjórnarráðsins, og taki ekki heldur úr þeim neitt, hvorki grjót, vír, stengur, flögg, kopargadda, húna eða annað, og að menn gæti þessa jafnt eftir að mælingarnar í þetta sinn eru um garð gengnar í hjeruðunum eins og á meðan þær standa yfir, svo og jafnframt leiða athygli að því, að brot á móti þessu varði refsingu samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

66
28. mars

Reglugjörð

til bráðabirgða fyrir yfirsetukvennaskólann í Reykjavík.

1. gr.

Það er markmið skólans að veita námskonum þá fræðslu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er til þess að þær geti leyst af hendi þau störf, sem yfirsetukonum eru ætluð samkvæmt gildandi yfirsetukvennalögum.

2. gr.

Kennarar skólans eru: 1) landlæknir, 2) þær 3 yfirsetukonur í Reykjavík, sem stjórnarráðið skipar til að veita yfirsetukonum verklega tilsögn.

Landlæknir ber ábyrgð á störfum skólans. Hann skal hafa eftirlit með þeirri verklegu tilsögn, sem yfirsetukonurnar veita.

3. gr.

Landlæknir úrskurðar um inntöku á skólann.

Inntökuskilyrðin eru þessi:

1. Að námskona sje eigi yngri en 18 ára og eigi eldri en 36 ára.
2. Að hún hafi engan næman sjúkdóm, og sje svo heilsuhraust, að efalaust megi telja hana færa til yfirsetukonustarfs fyrir þá sök. Skal það sannað með læknisvottorði.
3. Að siðferði hennar sje óspilt.
4. Að hún sje full-læs og skrifandi og kunni fjórar aðalgreinar reiknings með heilum tölum og brotum. Skal það sannað með vottorði frá presti eða kennara, sem hefir kennarapróf.

4. gr.

Námskonur skulu fá styrk, sem stjórnarráðið ákveður, alt að 45 kr. um mánuðinn, meðan þær eru við námið.